

Birgir Kjarian

— Minning —

HINN 12. þ.m. lézt Birgir Kjarian, hagfræðingur, rúmlega sextugur að aldri. Fæddur var hann í Reykjavík 13. júní 1916 og voru foreldrar hans Magnús Kjarian, stórkaupmaður, og Soffía Kjarian, fædd Siemsen. Magnús átti til merkra að telja á Suðurlandi, en langafi hans í móðurætt var Guðmundur Brynjólfsson, er lengi bjó að Keldum á Rangárvöllum á nítjándu öld. Var Guðmundur þrífur og átti 14 börn er upp komust. Er margt merkisfólk frá honum komið. Soffía var dóttir Franz E. Siemsen, sýslumanns, og Þórunnar Arnadóttur landfógeta Thorsteinssonar. Faðir Franz Siemsen var G.N.E. Siemsen, kaupmaður í Reykjavík, en hann var skipstjórasonur frá Glücksburg í Þýskalandi. Þórunn, móðir Soffíu, var eins og sjá má sonardóttir Bjarna amtmanns Thorsteinssonar og Þórunnar Hannesdóttur, Finnssonar biskups. Af þessari ófullkomnu ættartölu má glöggst sjá, að Birgir Kjarian átti til merkisfólks að telja í báðar ættir.

Þó liðin séu nær 47 ár þá er mér það enn í fersku minni, þegar leiðir okkar Birgis lágu fyrst saman. Eg var þá að hefja nám í Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, sem var til húsa í gamla Iónskólanum við Vonarstræti, ungur sveinn og öllum ókunnugur, því ég þekkti ekkert af skólasystkinum mínum tilvonandi. Þegar við komum í fyrstu kennslustundina um haustið vissi ég í fyrstu ekkert hvar ég ætti að sitja. Þá vildi svo til, að ég kom auga á autt sæti í bekk, sem aðskilinn var aðalþekkingaröðinni, en þar sat í hinu sætinu knálegur drengur, rjóður í kinnum og glaðlegur. Eg hikaði við en áráðdi samt að mjaka mér í áttina og þegar drengurinn benti mér að koma var ég ekki seinn á mér að setjast. Hann sagðist heita Birgir Kjarian. Þar með hófust kynni sem fljótt urðu að vináttu, sem átti eftir að endast meðan báðir lifðu.

Þegar lítið er yfir æviferil Birgis Kjarian verður fljótt ljóst, að þar hefur farið maður með óvenjulega hæfileika á mörgum sviðum. Strax í skóla komu í ljós forystuhæfileikar hans og við skólasystkin vorum fljót að sjá það. Í félagsmálum naut hann sín þá þegar sérstaklega vel, var vel máli farinn og þegar á unga aldri víðlesinn, einkum í sögu og hafði ánægju af að starfa að félagsmálum. Í Menntaskólanum komu þessir hæfileikar hans enn betur í ljós, enda var félagsmálavæðing ein þá fjölbreyttari og með öðrum hætti en í Gagnfræðaskólanum. Urðu nú stjórnsmálin meira ráðandi og þar hófust fyrstu afskipti Birgis af þeim málum, sem síðar áttu eftir að verða svo snar þáttur í hans lífi. Stjórnsmálabaráttan var hörd og óvæginn í Menntaskólanum á þessum árum, eins og raunar oft vill verða þegar ungt fólk á í hlut, en einnig þar sýndi Birgir hvað í honum bjó. Hann var kjörinn formaður Framtíðarinnar, málvafélagsins í Lærdómsdeild, og í 6. bekk var hann kjörinn Inspector scholae. Af þeim 42 stúdentum, sem útskrifuðust úr Menntaskólanum vorið 1935, mun Birgir vera sá áttundi, sem kveður þann hóp. Við skólasystkinin, sem eftir stöndum, geymum margar ljúfar endurminningar frá samvistum í skólanum og þegar við nú kveðjum þennan forystumann okkar er okkur efst í huga þakklæti til hans og samúð með fjölskyldu hans á erfiðri skilnaðarstund.

Birgir hóf háskólanám og valdi sér hagfræði. Fór hann þegar um haustið til Kiel í Þýskalandi og innritaðist við hagfræðideild háskólans þar, sem lengi fyrr og síðar hefur verið talin með fremstu lærdómssetrum í hagfræði. Veturinn 1936/37 flutti hann sig eitt háskólamiðstætt til München til þess að kynna fleiri skólum, en það hefur lengi verið



Þegar Birgir Kjarian er fallinn í valinn, fyrir aldur fram koma ýmsar minningar fram í hugann.

Þær eru ekki síst bundnar margvíslegum trúnaðarstörfum, sem Birgir Kjarian gegndi fyrir flokkssystkininu sín, borgarþáa og landsmenn alla. Hann var formaður Varðar, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, formaður skipulagsnefndar Sjálfstæðisflokksins, sat í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, var í bæjarstjórn Reykjavíkur og alþingismaður Reykvíkinga.

Fleiri trúnaðarstöður mætti nefna, en upptalning þeirra er ekki aðalatriðið, heldur starfið, sem að baki bjó, traustið tiltrúin, sem af starfinu skapaðist — maðurinn sjálfur, sem trúnaðarstöðunum gegndi.

Starfsorka Birgis Kjarian var oft með fádæmum. Dugnaður hans og einbeiting, samfara óvenjulegri yfirsýn og skipulagshæfileikum, nutu sín vel í stjórnsmálabaráttunni svo að starf hans markaði djúp spor á þeim vettvangi.

Birgir Kjarian var mikill baráttumaður og ýmsum þótti hann stundum einráður nokkuð og fara eigin götur, en við nánari kynni í samstarfi var hann sanngjarn, skilningsríkur og samvinnugóður. Víst er um það, að hann kunni þá fágætu list að sannfæra marga afar ólíka menn um, að það sama vekti fyrir þeim öllum, að leiða þá til árangursríks samstarfs.

Þegar Birgir Kjarian tók sem mestan þátt í stjórnsmálastarfi innan Sjálfstæðisflokksins, var athyglisvert hve mikinn fjöldi manna hann þekkti persónu-

lega, ekki aðeins í Reykjavík, heldur alls staða á landinu. Hann vissi meira en yfirborðsleg deili á þeim, honum hafði einnig verið trúað fyrir áhugamálum þeirra, áhyggjum og vandamálum, og var síðan raunar oft til þess kvaddur að leysa þau. Gilti þar gjarnan einu hvort samherjar eða andstæðingar í stjórnsmálum áttu í hlut. Sýnir það hvern mann Birgir Kjarian hafði að geyma.

Áhugamál Birgis Kjarian voru margvísleg, eins og kunnugt er. Samhlíða störfum að efnahags- og viðskiptamálum lét hann ferðamál og náttúruvernd til sín taka löngu áður en það komst í tísku. Hann var fagurkeri í bókmenntum og listum, hugmyndaríkur bókaútgefandi og ritaði sjálfur bækur, er mikilla vinsælda njóta. Þessi margbreyttu áhugamál voru Birgi Kjarian styrkur sem stjórnsmálamanni, en urðu einnig m.a. oft en einu sinni til þess að hann færðist undan að gegna trúnaðarstöðum á opinberum vettvangi stjórnsmála, sem hann vegna eðlislægs áhuga gat þó aldrei slitið sig frá.

Sjálfstæðisflokkurinn á Birgi Kjarian mikla skuld að gjalda. Flokkurinn býr að margvíslegu og hugmyndaríku uppbyggingar- og skipulagsstarfi hans og vönduðum málflutningi. Við Sjálfstæðismenn minnumst mikilhæfs og góðs manns, þökkum honum samstarf og vináttu, og vottum eiginkonu hans, frú Sveinbjörgu, er ávallt stóð við hlið manns síns í blíðu og stríðu, og fjölskyldu þeirra innilega samúð okkar.

Geir Hallgrímsson

siður þar í landi, að stúdentar flyttu sig á milli skóla, a.m.k. einu sinni á námstímanum, í því skyni að kynna fjölbreyttara umhverfi í náminu. En um vorið 1937 fluttist hann aftur til Kiel og

lauk þar prófi haustið 1938 með ágætum árangri. Veturinn 1938 var hann svo við framhaldsnám við London School of Economics. Að loknu námi réðst Birgir skrifstofustjóri til H.F. Shell á

Íslandi, sem var þá, eins og enn, í hópi stærstu fyrirtækja í landinu. Gegndi hann því starfi til ársins 1946, en á því ári tók hann við forstjórastarfi við heildverzlun Magnúsar Kjarian, sem faðir hans hafði þá rekið um meira en 15 ára skeið. Því starfi gegndi hann þar til eigendaskipti urðu að fyrirtækinu fyrir fáum árum.

Birgir hafði alla tíð mikið yndi af bókum, sem vafalaust hefur verið arfur úr föðurgarði. Faðir hans var mikill bókamaður og eignaðist með árunum mikinn kost valinna bóka. Það var því ekki að undra, að Birgir fengi áhuga á því að fást við útgáfu og hann lét ekki sitja við áhugann einan heldur hófst handa með nokkrum skyldmönnum og vinum og árið 1944 var Bókfellsútgáfan stofnuð. Veitti Birgir því fyrirtæki forstöðu á meðan það starfaði um nærfellt aldarfjórðungsskeið. Hann lagði mjög mikla alúð við þá starfsemi alla, vandaði sem mest mátti verða til bókavals og sömuleiðis frágangs þeirra bóka, sem út voru gefnar á vegum forlagsins. Margar merkar bækur gaf Bókfellsútgáfan út en mesta stórvirkni var safn ævisagna undir heitinu „Merkir Íslendingar“, sem kom út í 12 bindum og hefur að geyma ævisögur nær 170 manna frá ýmsum tímum. Var mikill fengur að því að fá safnað saman á einum stað ævisögum svo margra merkra manna, en þær höfðu áður birt á ýmsum tímum. En Birgir lét sér ekki nægja útgáfu bóka, heldur skrifaði hann sjálfur bækur, sem mikill fengur var að. Hann var mikill unnandi fagurarráttúru og því var það, að ritstörf hans beindust mikið í þá átt að lýsa náttúrunni. Bækurnar „Fagra land“ og „Unaðstundir“ eru safn af þáttum um ferðalög, náttúrulýsingar, lýsing á sérstæðum persónuleikum, en inn í efnið er oft fléttuð sögum um menn og atburði og þjóðsögum. Eftirfarandi setningar úr bókinni „Fagra land“ lýsa vel afstöðu hans til náttúrunnar: „Ferðalög verða ástríða. Sjá eitthvað nýtt, eitthvað falllegt. Þó ekki einvörðungu það, heldur engu síður tilbreytingin, að rífa sig upp úr umhverfi hins virka dags, yfirgefa höfuðborgarþægingindin liggja úti í tjaldi, gefa sig á vald íslenzkrar náttúru. Veðrið skiptir ekki öllu, það er erfið, þreytan, að sjá og skynja náttúruna, sem mestu skiptir.“ Tvær aðrar bækur ritaði hann, aðra um haförninn, en hina um þjóðgarðana Þingvelli og Skaftafell. Síðarnefnda bókina er lýsing á þessum gimsteinum íslenzkrar náttúru, en sjálfur átti Birgir mikinn þátt í því sem formaður Náttúruverndarráðs að Skaftafelli í Örfelum var gert að þjóðgarði.

Á ferðalögum sínum lét hann sér ekki nægja að skoða og njóta dásæmda náttúrunnar heldur vildi hann hafa brot af henni með heim og njóta návistar hennar þar. Hann átti mikið af fágætlega góðum myndum úr náttúru landsins og hafði komið sér upp slíku safni af fágætum steinum, að ég efast um að nokkurt þvili sé til hér á landi. Var hrein unun að skoða með honum það safn og hlusta á lýsingar hans á þeirri dýrð, sem hann fann í því.

Ritstörf Birgis takmörkuðust þó ekki við þau efni, sem hér hafa verið valin. Hann ritaði einnig allmikið um stjórnsmálaleg og félagsleg efni og eru til eftir hann allmargir ritlingar um þau mál. Þá er þess að geta að Birgir var einn af stofnendum Almenna bókafélagsins og var í bókmenntaráði félagsins frá upphafi. Lét Birgir málefni félagsins sig miklu skipta og átti sinn þátt í viðgangi þess.

Stjórnsmálaafskipti Birgis mörkuðu spor í stjórnsmálabaráttunni. Allt frá skólaárunum hafði áhugi hans á þeim málum verið vakandi og á þeim árum var hann starfandi í röðum þjóðernissinna. Skömmu eftir styrjöldina hóf hann svo fyrir alvöru afskipti af stjórnsmálunum og skipaði sér í raðir sjálfstæðismanna. Árið 1950 var hann kjörinn í bæjarstjórn Reykjavíkur og sat þar í fjögur ár. Meginstarf Birgis var svo á næstu árum innan félagssamta flokks-

ins í Reykjavík. Árin 1952—1955 var hann formaður Landsmálafélagsins Varðar. Hafði hann þar forystu um ýmsar breytingar og nýmæli í félagsstarfinu til þess að gera það fjölþættara og það mætti ná til fleiri en áður hafði verið. Tókst honum það með ágætum og efldest Vörður mjög í formannstíð Birgis. Þegar hann hætti formennsku í Verði tók hann við formennsku í Þýðingarmestu samstökum flokksfélaganna í Reykjavík, Fulltrúaráðinu. Þar kom hann einnig með ferskan andblæ og mótaði þar sterka baráttusveit flokksins í höfuðborginni, sem átti eftir að hafa mikla þýðingu síðar. Í borgarstjórnarkosningunum 1958, á tímum hinnar fyrri vinstri stjórnar, reyndi fyrst verulega á þetta baráttutæki flokksins og í höndum Birgis og samstarfsmanna hans reyndist það sannarlega vandanum vaxið. Sigurinn í þeim kosningum var stærri en í nokkrum kosningum öðrum til borgarstjórnar og flokkurinn fékk kjörna 10 af 15 borgarfulltrúum.

Alþingismaður var Birgir kjörinn í haustkosningum 1959 og sá þá á þingi eitt kjörtímabil. Síðan hvarf hann af þingi eitt kjörtímabil, að eigin ósk, en var kjörinn aftur á þing sem þingmaður Reykjavíkinga 1967 og sem varaformaður 1971 og sat hann oft á þingi það kjörtímabil. Á þingi beindist starf hans aðallega að þeim málum, sem hann hafði mestan áhuga á, efnahagsmálum og utanríkismálum, og átti hann sæti í þeim nefndum þingsins, sem fjölluðu um þau mál.

EKKI skal gerð tilraun til þess hér að geta allra þeirra trúnaðarstarfa, sem Birgi voru falin á starfsferli hans, en þau voru á hinum ólíkustu sviðum, enda var áhugasvið hans stórt. Náttúruvernd hafði ávallt verið honum mikið hjartansmál og formennska í Náttúruverndarráði um nær áratugar skeið veitti honum vafalaust mikla ánægju, því þar gat hann bezt stuðlað að góðum verkom til verndar viðkvæmri náttúru landsins.

Íþróttamál höfðu frá æsku verið honum hjartfólginn og á þeim vettvangi lagði hann mjög fram lið sitt til að auka veg íþróttanna. Um árabíl var hann formaður í stjórn Íþróttavallanna í Reykjavík og síðar var hann formaður í Ólympíunefnd Íslands.

Eitt var það í fari Birgis, sem fór ekki framhjá neinum, sem honum kynntust, en það var áhugi hans á myndlist. Vafalaust hefur þetta að nokkru átt rætur sínar í uppeldinu því á æskuheimili hans var til fágætt safn góðra listaverka og nán kynni höfðu skapart milli foreldra hans og ýmsara kunnustu myndlistarmanna þeirra tíma. En það var líka brot af listamáni í honum sjálfum, þó hann flikaði því ekki, og hefur það auðveldað honum skilning og samúð með listamönnum, sem hann sýndi mjög í verki. Setti hann sig aldrei úr færi að liðsinna listamönnum, bæði þeim, sem hann taldi líklega til afreka á því sviði, og eins hinum, sem þegar höfðu sýnt hvað í þeim bjó. Þekking hans á myndlist var og yfirgripsmikil. En nú skal geta starfa hans á allt öðrum vettvangi.

Árið 1952 var hann kjörinn í stjórn Eimskipafélags Íslands og átti þar sæti alla tíð síðan. Taldi hann sér mikinn heiður að því að eiga þátt í stjórn þess fyrirtækis og stuðlaði mjög að því að gera veg þess sem mestan. Þá var hann í stjórn Flugfélags Íslands og formaður um árabíl, þar til flugfélögin tvö voru endanlega sameinuð, en þá hafði hann einnig átt setu í stjórn hins nýja flugfélags Flugleiða h.f. frá því sameiningin hófst. Í stjórn Verzlunarráðs Íslands átti hann einnig sæti um hríð. Að lokum skal svo getið um starf hans fyrir Seðlabanka Íslands. Birgir átti sæti í fyrsta bankaráði Seðlabankans, sem kjörði eftir stofnun bankans með lögunum frá 1961. Hann var skipaður formaður bankaráðsins og samfleytt í ellefu ár hafði hann á hendi það mikilvæga trúnaðarstarf. Hann var sér þess mjög vel meðvitandi frá byrjun, að hann

hafði hér tekizt á hendur mikilvægri ábyrgðarstarf, þar sem verið var að móta grundvöllinn að framtíðarstarfi mikilvægustu peningastofnunar þjóðarinnar og mikils var um vert, að vel tækist til um það verk. Sýndi hann ávallt mjög góðan skilning og áhuga á þeim málum, sem vörðuð hug og heill bankans. Við, sem höfum starfað með Birgi við bankann um lengri eða skemmri tíma, verðum nú að láta okkur nægja að hugsa til hans með þakklæti fyrir samstarfið og Seðlabankinn stendur í þakkarskuld við hann fyrir þann góða hug, sem hann ávallt bar til bankans og sýndi í verki með starfi sínu að málefnum hans.

Þegar ég sit og skrifa þessa ófullkomnu minningargrein um vin minn Birgi Kjaran hrannast að mér endurminningar, sem ná nærri hálfri öld aftur í tímann. Ég gat þess áður, að leiðir okkar hafi fyrst legið saman þegar við komum báðir í fyrsta bekk Gagnfræðaskóla Reykjavíkinga. Við urðum eiginlega strax góðir vinir og sú vináttu eflidist eftir því, sem við kynntumst betur. Við fylgdumst síðan að í námi alla tíð og sóttum sömu skóla, nema að hann lauk sínu háskólanámi einu ári fyrir en ég. Á skólaárunum í Reykjavík, þegar ég átti lengst af heima utanbæjar, var ég tíður gestur á æskuheimili Birgis og á margar ljúfar endurminningar frá kynnum mínum af heimilinu og foreldrum hans, sem ég dáði mjög fyrir þeirra miklu mannkostu.

Að loknu námi, þegar við vorum teknir til starfa hvor á sínu sviði, voru áhugamálin samt mörg sameiginleg og enn tengdust böndin fastar, þegar Birgir kvæntist vinkonu konu minnar. Um meira en þriggja áratuga skeið mátti heita að við réðum ráðum okkar um allar meiriháttar ákvarðanir, sem við tókum, og skal þó fúslega viðurkennt, að hann lagði oft meira til en ég, enda var hann sérlega ráðagóður og ráðhollur. Fæ ég aldrei þakkað að hafa mátt svo lengi njóta þeirra vináttubanda, sem þannig tengdust við slíkan mannkostamann sem Birgi Kjaran var. En nú sakna ég vinar í stað.

Hinn 1. júlí 1941 kvæntist Birgir eftirlifandi konu sinni Sveinbjörgu Helgu Blöndal. Foreldrar hennar voru Sóphus Blöndal, framkvæmdastjóri á Siglufirði, og Ólöf Hafliadóttir Blöndal. Þeim varð fjögurra dætra auðið, en urðu fyrir þeirri miklu sorg að missa eina dótturina á fyrsta ári. Dæturnar þrjár, sem allar hafa stundað framhaldsnám, eru Ólöf gift Hilmarí Knúsen, verkfræðing, Soffía gift Pálma Jóhannes-syni lic. és lettes, og Helga gift Ólafi Siguróssyni, verkfræðing. Heimili þeirra Sveinbjargar og Birgis á Ásvallagötu 4 var byggt á samheldni og kærleika og er nú stórt skarð höggvið, þegar heimilisfaðirinn hefur svo skyndilega verið burtu kallaður, og er þá þess að minnst að ekki eru liðnir nema rúmir tveir mánuðir frá því Sveinbjörg fylgdi móður sinni til grafar. Hugur okkar dvelur nú hjá Sveinbjörgu og fjölskyldu hennar og við skynjum þá djúpu sorg, sem þau hafa orðið fyrir, en svo kvað þjóðskáldið Matthías:

„Aldrei er svo bjart
yfir öðlingsmanni,
að eigi geti syrt
eins sviplega og nú;
og aldrei er svo svart
yfir sorgarmanni,
að eigi geti birt
fyrir eilífa trú!“

Davíð Ólafsson.

Með Birgi Kjaran hagfræðing og fyrrum alþingismanni er genginn góður drengur í orðsins bezta skilningi, vinsæll maður og vinfastur með afbrigðum.

Ég kynntist honum fyrst að einhverju marki, þegar ég tókst á hendur starf framkvæmdastjóra Fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík vorið 1956, en haustið áður var Birgi Kjaran kosinn formaður þess og gegndi

því starfi til 1963, en sem kunnugt er var hann bæði fyrr og síðar kjörinn til forystu innan Sjálfstæðisflokksins. Milli okkar tókst þegar náð og traust samstarf, sem fljótlega leiddi til þeirrar vináttu, sem hélzt til hinztu stundar.

Birgir var mikill baráttumaður, einbeittur og fylginn sér og gekk að hverju verkefni með oddi og egg.

Um vorið 1956 fóru fram kosningar til Alþingis og að þeim loknum var mynduð vinstri stjórn Hermanns Jónassonar. Eitt af markmiðum þeirrar ríkisstjórnar var að víkja Sjálfstæðisflokknum til hliðar um næstu áratugi eins og það var orðað, og var þá spjótunum ekki sízt beitt gegn Fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, en það var og hefur ætíð verið vinstri mönnum mikill þyrnir í augum. En undir einbeittri og eldheitri forystu Birgis Kjaran snerust allar atlögur ríkisstjórnarinnar að Fulltrúaráðinu upp í enn harðari og skipulagðari baráttu ráðsins. Þó tók steininn fyrst úr, þegar vinstri stjórnin knúði fram á Alþingi sérstaka löggeð, sem átti að brjóta á bak aftur alla starfsemi Fulltrúaráðsins. Sú löggeð breytti í raun engu öðru en því, að setið var við kvöld eftir kvöld og langt fram á nætur og öll starfsemi Fulltrúaráðsins og Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík endurskipulögð frá grunni. Dugnaður Birgis Kjaran og vinnusemi þá og síðar var með þeim eindæmum, sem fæstum mönnum er gefin. Fundir voru haldnir fjölmargir á degi hverjum og þar flutti Birgir eldheit, sannkallaðar þrumuræður næstum á hverjum fundi. Eldmóður hans og baráttuhugur hreif fólk til starfa og við vorum oft í mestu vandræðum að finna öllum þeim grúa fólks verkefni, sem flykktust að flokknum þessa mánuði fyrir borgarstjórnarkosningarnar í janúar 1958.

Ég veit, að enn í dag býr Sjálfstæðisflokkurinn við svipað skipulag í kosningabaráttunni og Birgir Kjaran framar öðrum mönnum kom á fyrir kosningarnar 1958.

Ég nefni þessa baráttu, sem háð var fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1958 og lyktaði með því að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 10 fulltrúa kjörna í borgarstjórn í Reykjavík, sem dæmi um frábæra forystuhæfileika Birgis Kjaran og sjaldgæfa vinnusemi og dugnað hans. En aldrei miklaðist hann af þessum hæfileikum sínum og krafti né hvarflaði það að honum, að hann fremur öðrum ætti sérstakar þakki skyldar fyrir frábær störf sín.

Að hans dómi var það fólkinu í Fulltrúaráðinu og sjálfstæðisfélagunum, sem átti umfram allt að þakka þann árangur, sem ávannst hverju sinni, en engum einum eða fáum úr forystu flokksins.

Trúr þessari skoðun sinni áttu allir, háir sem lágir, greiðan veg til hans hvenær sem var. Einkum lagði hann sig fram um að greiða götu þeirra sem við einhverja erfiðleika áttu að stríða. Og trúlega kom greiðsemi hans og hjálpsfýsi hart niður t.d. á rekstri hans eigin fyrirtækja.

Áhugamál Birgis Kjaran voru mörg og margvísleg og þótt stjórn málin væru honum ávallt ofarlega í huga og ákaflega tímafrek gaf hann sér þó ætíð tólm til að sinna öðrum verkefnum og hugðarefnum. Hann var mikill unndandi íslenskrar náttúru og ferðaóðist um allt Ísland þvert og endilangt í bókstaflegri merkingu. Bækur hans, Fagra land, Auðnustundir og Haförnninn bera fagurt vitni ást hans og virðingu furir landinu, náttúru þess og því fólki öllu, sem hann kynntist.

En hin víðtæka þekking hans á íslenskrar náttúru og landsáttum leiddi til þess, að hann var á meðal þeirra Íslendinga er fyrstir skildu nauðsynin á íslenskrar náttúruvernd og var kjörinn formaður Náttúruverndarráðs Íslands um árabíl. Sú varð og oftast raunin á um Birgi Kjaran, að hann var vakinn til forystu um

þau málefni, sem hugur hans og eldmóður beindist að. Slíkt var traust manna á honum og ósérhlifin elja hans sjálfs og baráttugleði.

Birgir Kjaran var sannkallaður bókamaður, víðlesinn og margfróður. Einkum var honum sagnfræði og náttúrufræði hugleikið lestrarefni. Um langt skeið var hann á meðal mikilsvirkustu bókaútgefenda á landinu og átti ríkan þátt í stofnun Almenna bókafélagsins og sat í bókmenntaráði þess til æviloka.

Þannig lágu leiðir okkar Birgis einnig saman þau 16 ár, sem ég gegndi starfi framkvæmdastjóra AB. Mér og Almenna bókafélaginu reyndist hann hollráður og hugkvæmur ráðunautur sem miðlaði mér af langri reynsli sinni í bókaútgáfu. Hvorki ég né AB fengu fullþakkað honum þau mikilsvörðu störf og stuðning, sem hann veitti mér og félaginu alla tíð.

Í minningu minni verður Birgir Kjaran mér umfram allt hugstæður sem traustur vinur, sem var ávallt reiðubúinn að aðstoða í erfiðleikum, mikill húsmani fullur af eldmóði og baráttugleði.

Hann var ákaflega hreinskiptinn og þoldi illa loftungur og jámennsku og öll hræsni var honum einkar ógeðfæld. Hann var óspar á að þakka það, sem hann taldi vel gert, en lét menn einnig heyra gagnrýni sína á því, sem hann áleiti hafa farið úrskeiðis. En sömu kröfur gerði hann líka til annarra, að þeir töldu við hann af þeirri hreinskilni, sem hann lét í ljós við þá.

Og nú kveð ég vin minn Birgi Kjaran hinztu kveðju aðeins sextugan að aldri. Eg þakka af alhug langa og góða samfylgd, einlæga vináttu og gagnkvæmt trúnaðartraust til æviloka.

Við hjónin flytjum ekkjunn, frá Sveinbjörgu Kjaran, og ættingjum og ástvinum Birgis Kjaran einlægar samúðarkveðjur.

Baldvin Tryggvason

Stuttu fyrir hádegi einn fagan sólskinsdag í lok ágústmánaðar sumarið 1943 steig ég á land úr strandferðaskipinu Heklu á Hvamnstanga, hélt rakkileitt upp á aðalgötu þórsins og síðan austur þjóðveginn, vingsandi léttri skjalatösku, hafði skilið annan farangur minn eftir í skipinu. Eg var að koma heiman frá Ísafirði, en áfangastaður minn var Akureyri, og ætlaði ég nú að stytta mér leið með því að ganga fimm kílómetra spöl í veg fyrir langferðabifreið Norðurleida.

Ég hafði ekki lengi gengið, þegar ég heyrði, að bifreið kom á eftir mér. Eg vék út á vegarbrúna, en hugsaði mér alls ekki að fá far með bifreiðinni, var bara hressandi að ganga þetta í blöðviðrinu. En bifreiðin nam staðar á móts við mig, og út úr henni steig ungur maður, fríður sýnum, geðþekkur og hið mesta snyrtimenni að öllum búnaði. Hann heilsaði mér með nafni og kvaðst heita Birgi Kjaran. Ég hafði ekki þekkt hann áður í sjón, en kunnir þau skil á honum, að hann væri sonur hins merka gáfumanns, Magnúsar Kjarans, skrifstofustjóra hjá Shell og loks það, sem mig varðaði nú að nokkru, einn af stofnendum nýs útgáfufélags, er Ólafur Björnsson, framkvæmdastjóri á Akranesi, hafði með mínu samþykki selt útgáfuréttinn að skáldsögu minni, Blítt lætur veröldin, en af henni hafði ég lesið síðustu próföör nokkru áður en ég fór að heiman. Birgir kvað það undarlega og skemmtilega tilviljun, að við skyldum hittast þarna, og þegar ég hafði sagt honum hvernig stæði á ferðum mínum, hló hann og mælti:

„Það er engu líkara en forsjónin hafi stefnt okkur saman. Eg fer án viðkomu til Akureyrar í dag, og þó að þér séuð þéttur á velli, er nóg rúm í bílnum.“

Þegar upp í bifreiðina kom, sagði Birgir mér strax frá sam-

skiptum Ólafs Björnssonar og hinnar nýstofnuðu Bókfallsútgáfu. Ólafur hefði af tilviljun hitt Magnús Kjaran og Magnús sagði honum frá, hvað í vándum væri. Hann hefði og látið svo um mælt, að sig langaði mikið til, að Bókfallsútgáfan gæti hafið starfsemi sína á því að senda frá sér nýtt íslenskt skáldrit, sem veigur væri í. Svo hefði þá Ólafur sagzt geta greitt fyrir honum um þetta. Hann hefði keypt af Guðmundi Hagalín skáldsögu, sem hét Blítt lætur veröldin, og væri hún komin í þriðju próföör. Það væri ágæt skáldsaga, og tilvalin sem fyrsta bók hinnar nýju útgáfu. Hann hefði svo sent þeim feðgum bókina í óbundnum örku, þeir lesið hana í skyndi og síðan hiklaust átt kaup við Ólaf. Kvað Birgir föður sinn ekki síður hrifinn af bókinni en sig, enda varð ég þess vissulega var, þegar við Magnú Kjaran hittumst nokkru síðar.

Margt bar á góma á leiðinni norður, og hvort sem rætt var í gamni eða alvöru, fór vel á með okkur Birgi. En eitt er mér minnststæðast úr ferðalaginu. Við komum hvergi við, en nokkrum sinnum stöðvaði Birgir bifreiðina og alltaf þar, sem gróðurrikt brekkukorn var í nánd við veginn. Sat ég þá jafnan kyrr og naut veðurblíðunnar og hins fagra útsýns, en Birgir fór á kreik og hugaði að gróðrinum. Í einni brekkunni var bláberjalyng með fullbroksa berjum. Eg fór að tína upp í mig hin ljúffengu ber, en nú sat Birgir kyrr. Svo leit hann á mig, og ég sá, að augu hans voru í senn dreymin og skær. Síðan sagði hann:

„Einhvern tíma á aldrinum frá fermingu til tvítugs sá ég málverk eftir Kjarval, sem hann kallaði „Bláber séð með barnsaugum“. „Og veiztu hvað? Mér opnaðist allt í einu ný veröld. Fram að þessu hafði ég eingöngu dáð það stórbrotna í náttúrunni, en nú fór ég að gefa gætur að því smáfagra.“

Ég þagði, en svo hafði ég ósjálfrátt yfir í lágum rómi þetta, sem ég hafði lært í bernsku:

„Smávinir fagrir, foldarskart,
fífill í haga, rauð og blá,
brekkusóley við mættum margt
muna hvort öðru að segja frá.“

Ég ræði ekki frekar þessa fyrstu samfundi okkar Birgis Kjarans, en þó að þið, flestir lesendur mínir, kannist við Hulduljóð Jónasar Hallgrímssonar og jafnvel kunnir þau, sumir hverjir, þá ætla ég að bæta hér við ljóðlínurnar, sem ég fór með í lyngbrekkunni forðum og birta einnig næsta erindið:

„Prýðið þið lengi landið það,
sem lifandi guð hefur
fundit stað
ástarsælan, því ástin hans
allsstaðar fyllir
þarfir manns.“

Vissi ég áður voruð þér,
vallarstjórur um breiða
grund,
fegursta leiðarljósin mér.
Lét ég að yður marga stund.
Nú hef ég sjóinn séð

um hríð
og síllætín smá og tíð. —
Munurinn raunar enginn er,
því allt um lifið
vitni ber.“

Við Birgi Kjaran höfðum mikið saman að selda í áratugi Hann varð framkvæmdastjóri Bókfallsútgáfunnar árið eftir að hún gaf út Blítt lætur veröldin, og hún kostaði hvorki fleiri né færri en átta af þeim bókum, sem frá minni hendi hafa komið. Þá las ég iðulega yfir handrit, sem Bókfallsútgáfan hafði ákveðið að koma á framfæri, bjó þau undir prentun og lagaði sitthvað, sem lagað varð, ávallt í bezta samkomulagi við Birgi. Ég aðstoðaði hann og við að gera úr garði hinar fögru og merku bækur hans, Fagra land og Auðnustundir, vita-skuld þó án þess, að ég ætti þar annan hlut að en þann, sem fellur undir það, sem kallað mætti

„handverk“ í starfi skálda og rit-höfunda, og var mér það ljúft starf og létt, svo mjög sem andi og efni bókanna og skarpur skilningur höfundar á gildi „handverksins“ var mér að skapi. En auðvitað ræddum við margt annað en bókagerð og bókmenntir. En hvað sem bar á góma verður ekki viðhorfum hans til skaparans, lífsins, lands og þjóðar betur lýst en í erindunum tveimur úr Hulduljóðum. Hann unni fögrum bókmenntum og listum, en allt, sem lifir og hrærist átti að meira eða minna leyti aðdáun hans, nema hin tvífátta skapna, þegar hún fer í þann ham að eyða og deyða í blindni, stundum af heimsku, stundum af óeðlilegri skammsýni, stundum af græðgi eða jafnvel grimmd. Eins og bækur hans bera með sér, var hann undra fróður jafnt um feikni Íslands sem lífríki þess, og aldrei sá ég hann glaðari en þegar hann skýrói mér frá því sem formaður náttúruverndarráðs, að nú væri það að fullu víst, að Skaftafell yrði gert að þjóðgarði, enda skrifaði hann þá hina fagurlega myndprýddu bók um Skaftafell og Þingvelli, sem var síðasta ritið, er kom frá hans hendi. Annars fer ég hér ekki út í að fjalla um margvísleg störf hans í félögum eða stjórnámum, það munu aðrir gera, en ekki get ég látið hjá líða að skýra frá því, að þá sá ég hann oftast en einu sinni sárhryggan, þegar honum þótti það hafa gerzt í stjórnámum, að skert hefði verið þjóðar nauðsyn í samningamarki til hægri eða vinstri.

Ég og kona mín kveðjum hann með virðingu og þakklæti og óskum þess, að heilög forsjón megi vernda og blessa fjölskyldu hans.

Guðmundur Gíslason Hagalín

ÞEGAR Seðlabanki Íslands varð sjálfstæð stofnun árið 1961, var Birgir Kjaran, hagfræðingur, kjörinn í bankaráð og skipaður fyrsti formaður þess. Gegndi hann því trúnaðarstarfi samtals í ellefu ár og átti á því tímabili mikinn þátt í því að móta starfs-hætti bankans og þá ekki sízt verkaskiptingu bankastjórnar og bankaráðs. Birgir Kjaran var ágætlega fallinn til þessa hlutverks vegna mjög góðrar þekkingar á efnahags- og viðskiptamálum, en þó ekki síður sökum mannkosta hans og rétt-sýni, sem lagði grundvöll þeirrar ágætu samvinnu, sem ætíð hefur ríkt innan bankaráðs og bankastjórnar Seðlabankans. A ég honum sjálfur miklar þakki að gjalda fyrir hollráð hans, vináttu og umburðarlyndi í löngu samstarfi okkar að málefnum Seðlabankans.

Leiðir okkar Birgis lágu víðar saman vegna margvíslegra áhugamála hans, þar á meðal innan bókmenntaráðs Almenna bókafélagsins. Kynntist ég þar fyrst, hversu fjölfróður hann var og áhugaefni hans mörg bæði á sviði lista, sögu og náttúrufræði. Hann var einn þeirra manna er lét sér fátt óviðkomandi, og hann var alltaf boðinn og búinn að veita þeim málefnum, sem hann hafði áhuga á, allan þann stuðning, sem hann mátti.

A tímum sívaxandi sérhæfingar, þar sem færri og færri menn gefa sér tíma til þess að sinna málum utan síns eigns starfsvettvangs, var Birgir Kjaran óvenjulegur maður. Þrátt fyrir ágæta hagfræðimenntun sóttist hann aldrei eftir opinberum embættum og það var augljóst, að honum var slíkur frami minna virði en tækifærin til þess að sinna margvíslegum hugðarefnum sínum og ljá góðum málum líð. Hann var frjálslyggjumaður í þess orðs beztu merkingu og vildi ekki sníða athafnaþrá sinni of þröngan stakk. Þess vegna verður að leita víða til að átta sig til fulls á því mikla og fjölbreytta lífsstarfi, sem Birgir vann á sviði menningar- og þjóðmála.

Jóhannes Nordal.

Framhald á bls. 21

Birgir Kjarian

Framhald af bls. 13

ÞEGAR ég kynntist Birgi Kjarian fyrir rúmlega aldarfjórðungi, var hann einn sterkasti og duglegasti starfskraftur, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft á að skipa. Hann lagði á sig á þessum árum og í mörg ár á eftir óhemju vinnu fyrir flokkinn og lagði grundvöll að endurbættu skipulagi starfs, sem var flokknum til mikillar farsældar. Þá var ekki legið á liði sínu, fundir og skipulagsmál voru daglegir viðburðir. Hver sem kosinn var til starfa, sem undir Birgi heyrðu, varð að skila sínu hlutverki undanbragðalaust.

Dugnaður hans, gáfur, mann-dómur og menntun gerðu það að verkum að hann var kallaður til fjölmargra starfa í þágu lands og þjóðar.

Kynni okkar voru hægfare á fyrstu en urðu með árunum að tryggri og ófrofa vináttu, sem aldrei bar skugga á. Fyrst og fremst lágu leiðir okkar saman í flokksstarfi en síðar í samstarfi innan Alþingis. Öll þau kynni voru mér til mikils gagns og ánægju.

En kynni voru þó ánægjulegast á heimili hans og þeirra hjóna, þar sem var skemmt sér við frásagnir liðinna daga og flest mannleg samskipti tekin til umræðu og ferðast um landið þvert og endilangt, þá var gaman að heyrja þennan náttúruskoðara og dýravin segja frá.

Ein sú ferð, sem við fórum saman og alltaf var ofarlega í okkar huga, var ferð um Hornstrandir fyrir um það bil hálfum öldrum áratug. Hrikalegt, fagurt og gróðursælt land heillaði okkur eins og alla aðra, sem þá leið fara. Íðandi lif í ósnortinni náttúru, þar sem ríkir tign, kyrrð og friður, hafa meiri áhrif á þann sem sífellur er í önnun og vafstri en nokkuð annað.

En skjótt hefur sól brugðið sumri. Nú er þessi ágæti drengur fallinn frá aðeins sextugur að aldri.

Við, sem sátum með honum á Alþingi, þökkum honum af heilum huga ágætt samstarf og elskulegt viðmót. Við gleymum því aldrei, að þegar hann lagði til mála þá var það gert af drengskap og velvild til lausnar hverju vandamáli eins og hann taldi skynsamlegast og farsælast að leiða það til lykta.

Við hjónin þökkum Birgi fyrir hlýhug og vináttu frá fyrstu kynnum og söknum þess að samverustundirnar voru svo fáar allra síðustu árin. En það er skaði sem nú verður ekki bættur.

Við sendum Sveinbjörgu, dætrunum og fjölskyldum þeirra okkar djúpstu samúðarkveðjur og biðjum góðan Guð að blessa minningu þessa fallna vinar.

Í mínum huga mun ávallt vera birta og hjartahlýja yfir viðkynningunni og vináttunni við drengskaparmanninn Birgi Kjarian.

Matthías Bjarnason.

Af nánun kynnum við Birgi Kjarian um áratugabil virtst mér oft, að meginþættir skapferils hans og athafna hafi á ýmsum sviðum mótast og tekið mið af hugsjónum ungmennafélags-hreyfingarinnar, sem gagnþók hugi margra bestu sona þjóðar okkar fyrstu áratugi þessarar aldar og kveikti eldmót og athafnaþrá í brjóstum þeirra. Stefna þessarar þjóðarhreyfingar var afdráttarlaus — engin hálfkveðin vísa: Íslenska þjóðin skyldi rétta úr kútnum ný tækni tekin í þjónustu atvinnuveganna, landið ræktað og sár landeyðingar grædd. Þó var hervæðing hugans ef til vill enn þjóðarmeiri: drengskapur var dyggð og ættjarðarást forsenda allra athafna. „Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið... það er að elska, byggja og treysta á landið.“ Hvatning þessara manna og einkunnaróð var: Íslandi allt!

Nú er það svo, að Birgir var ekki beinn þátttakandi í þessari félagshreyfingu, en á heimili foreldra hans ríkti andi þessara hugsjóna, enda var faðir hans, Magnús Kjarian, ötull þátttakandi og framamaður á vettvangi þessara samtaka. Mér var það löngum ljóst, að Birgir bjó lengi að þeim áhrifum, sem hann varð fyrir í foreldrahúsum, og hafði margar þær hugsjónir, sem hann kynntist þar, að leiðarljósi í margþættu starfi síðar á ævinni.

X X X

Persónuleg kynni okkar Birgis hófust 1935. Hann hafði þá nýlengi stúdentsprófi og hugðist halda til náms í hagfræði í Þýskalandi. Leitaði hann upplýsinga um námsaðstöðu við Christian Albrecht-háskólann í Kiel, en þar höfðu ýmsir landar stundað nám í þessari fræðigrein. Innritaðist hann þar haustið 1935. Eg fylgdist nokkuð með námi Birgis, bæði í Kiel og víðar. Sóttist honum það vel og lauk þar prófi seint á árinu 1938 með góðum vitnisburði.

Birgir bar jafnan hlýjan hug til sinnar gömlu alma mater. Kom það m.a. fram í því, að hann, ásamt fleirum, beitti sér fyrir hjálparstarfi við stúdenta og kennara þessarar menntastofnunar eftir lok stríðsins 1945, en þá ríkti þar mikil neyð. Er þetta drengskaparbragð þar enn í minnum haft.

X X X

Jafnan er margs að minnst þegar góðir vinir eru kvaddir. Ekki er þó til hæfis að rekja hér persónuleg atriði. Þó er mér nú öðru fremur ein minning í huga. Hún er um samfundi okkar í Kiel sumarið 1938. Birgir var þá að undirbúa sig undir lokapróf. Ekki fór á milli mála, að yfirsýn mála og þekking hafði aukist. Að sjálfsgöðu bar margt á góma. Mér er þó ein kvöldstund sérstaklega minnisstæð. Hinn ungi stúdent ræddi um framtíð lands okkar og þjóðar. Hann sá í hyllingum heillandi verkefni, sem hans biðu þegar heim kæmi. Var þessi orðræða hans þrungin slíkum eldmóði og sannfæringarkrafti, að mér var þegar ljóst, að hér var á ferð maður, sem mikils mátti vænta af. Sú varð og raunin á. Er heim kom, eftir frekara nám í Englandi og Belgíu, tók hann til óspilltra mála. Er þar skemmt frá að segja, að brátt voru honum falin hin margvíslegustu trúnaðarstörf í þjóðfélagi okkar og það féll í hans hlut að fást við mörg þau verkefni, sem hann í draumsýn hafði séð á góðum vinarfundi, kvöldstund í Kiel 1938.

Hér verður ekki rakið, hvar spor hans lágu á hinum víða starfsvettvangi hans. Um það má lesa annars staðar hér í blaðinu. Nægir að vísa til þess, að hann hefir reist sér óbrotgjarnan minnisvarða á sviði íslenskra stjórnmála og afskipta af þeim. En viðfangsefni hans voru einnig á vettvangi efnahags-, banka- og samgöngumála, þar sem hann gegndi ýmsum forystustörfum. Margvísleg félags- og menningarmál voru honum einnig alla tíð næsta hugstæð. Þá vannst honum ennfremur tími til að sinna kærum hugðarefnum. Hann var prýðilega ritfær, svo sem ýmsar bækur hans og erindi bera vott um.

Samskipti okkar voru um árabíl nánin og einlæg. Hann var lengi staðgengill minn í Fjárhagsráði og fleiri stofnunum, oft um langan tíma vegna fjarveru minnar erlendis. Einnig þar komu fram góðir eiginleikar hans: góð dómgreind, staðgöð þekking og rétt-sýni. Ekki varð þess vart, að lýðhylli hans biði tjón af starfi hans þarna, þótt það væri ekki þess eðlis að auka vinsældir manna.

X X X

Vinum Birgis er nú söknuður í huga, en jafnframt þakklæti fyrir ógleymanleg kynni við góðan dreng og féлага. Hugurinn leitar nú öðru fremur til eiginkonu Birgis, Sveinbjörgu, sem jafnan var hans trausti lífsforunautur og

samherji. Til hennar og fjölskyldu, svo og systkina Birgis, er nú beint einlægum samúðarkveðjum. Megi minningin um góðan dreng reynast þeim huggun í sárri sorg.

Oddur Guðjónsson.

Nú er lokið hart nær fjörutíu og sex ára samfylgd okkar Birgis Kjarians. Það var haustið 1930 er við hittumst fyrst. Við áttum þá samleio heim úr skólanum og gengum Vonarstræti og Suðurgötu. Þá leið gengum við svo saman flesta daga um fimm skóla-áraskeið. Þá tengdumst við þeim böndum er ekki brustu, enda lágu þeir vegir víða, er við áttum samleio um. Birgir var snemma fjölfróður og vel lesinn, miðað við sína jafnaldrá, og hafði sérlegan áhuga á sögu og náttúrufræðum. Hann lét sér fátt mannlegt óviðkomandi og hafði ákveðnar skoðanir á hlutunum. Það var því jafnan hressandi að hitta hann og eiga við hann orðastað, hvort sem var í skólanum, úti á götu eða hvar annars staðar er fundum bar saman. Eftir stúdentsprófið varð, á köflum, vík á milli vina, þegar nám eða störf kölluðu okkur hvorn í sína áttina, en jafnan tókum við aftur upp þráðinn er

leiðir lágu saman á ný. Þær eru því orðnar margar ánægjustundirnar, sem við höfum átt saman. Minningin um þær varir þótt maðurinn hverfi. Eg ætla ekki að fara að rekja hér ævi né störf Birgis, en ég ætla að ganga með honum, í síðasta sinn, leiðina okkar um Vonarstræti og Suðurgötu, kveðja hann þar og þakka honum fyrir samfylgdina. Eftirlifandi ástvinum hans sendum við hjónin okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Ólafur Tryggvason

Þótt andlát Birgis Kjarian bæri brátt að, þá kom það þó vinum hans ekki alveg óvænt því hann hafði um árabíl átt við að stríða þann sjúkdóm, sem að lokum varð honum að aldurtíla.

Eðliskostir Birgis urðu þess valdandi að þegar á unga aldri hlóðust á hann fjölmörg störf, jafnt í opinberum vettvangi sem í einkarekstri. Ahugamál hans voru mörg og dreifð, allt frá bókmenntum og fögrum listum til almennra vandamála daglegs lífs, náttúruverndar, viðskipta og stjórnmála. Öllu þessu gerði hann sér far um að sinna með sinni alkunnu samvissusemi og því kappi, sem var honum eiginlegt.

Gáfum hans og alhiða menntun gerðu honum einnig mjög auðvelt að skilja kjarna hvers máls og þá um leið orsakir mismunandi skoðana.

Víðlesinn var hann með ólíkindum og stundum á sviðum sem fáir skyldu ætla að hann hefði borið niður, sannur heimsborgari, en þó innst inni fyrst og fremst Íslendingur, sem vildi heill og heiður lands síns sem mestan í hverju máli.

Eitt þeirra fyrirtækja sem átti þess kost að njóta hollráða hans og framsýni var Eimskipafélag Íslands þar sem hann var valinn í stjórn árið 1952 og endurkjörinn æ síðar. Naut félagið í ríku mæli hinnar víðtæku þekkingar hans, ekki aðeins á sviði verslunar og viðskipta heldur og í fjölmörgum öðrum málum, sem stjórn svo umsvifamikils fyrirtækis verður að ráða fram úr. Ber þar að sjálfsgöðu hæst afstöðu rötgróins skipafélags til annarra yngri á sama vettvangi, skilningurinn á þjóðingu flugsamgangna, svo og lifeyris- og önnur félagsmál. A öllum þessum sviðum var Birgir afar jákvæður. Hann var að eðli til frjálshyggjumaður til hugar og handa og vildi hvarvetna stuðla að því að það besta fengi að njóta sín, og þótt vöxtur

Framhald á næstu síðu

milupa barnamatur

HRAUST OG ÁNÆGÐ BÖRN



KÆRA MÓÐIR

Fyrir utan sjálfa móðurastina er næringin mikilvægust til að barninu líði vel. Milupa vítamínbættur barnamatur framleiddur úr völdu hráefni er ekki aðeins hollur, heldur einnig bragðgöður og umfram allt handhægur og drjúgur.

Milupa hefir allt fyrir börnin frá fæðingu. Milumil þurrmjólk inniheldur öll nauðsynleg vítamín. Hún er seðjandi og auðmelt og fyrirbyggir meltingartruflanir. Þegar barnið er u.þ.b. 9 vikna gamalt nægir pelinn ekki lengur. Hér býður Milupa uppá fjölbreytt úrval af barnamjöli. Miluvit hunaugsmjöl. Miluvit „mit“ mjólkurmjöl. 7 Korn flokken barnamjöl úr sjö kortegundum.

Milupa býður ennfremur upp á 12 tegundir af gómsætu barnamjöli, blönduðu ferskum ávöxtum, t.d. perum og þanönum blönduðum ávöxtum hnetum með súkkulaði. Úr einum pakka fást margir skammtar af úrval ávaxtamauki á hóflegu verði. Þetta er algjör nýjung sem vert er að reyna. Bragðgott, seðjandi og styrkjandi.

Þér getið treyst Milupa og verið vissar um að barn yðar fær það besta sem völ er á. Milupa hálftrar aldar sérhæfing í barnamat. Dagstimpill og leiðarvísir á hverjum pakka tryggir ferska og góða vöru. Biðjið um leiðbeiningabækling.

Fæst í næstu IMA matvöruverzlun.

IMA-verzlanir

Arnarkjör
Ásgeir
Ásgeirsbúð
Árbæjarkjör
Birgisbúð
Borgarbrúðin
Bústaðabúðin
Drífa
Guðm. Guðjónsson
Garðækjör
Gunnarskjör
Hagabúðin
Heimakjör
Hraunver
Íðufell

Lækjarfít 7, Garðahr.
Efstalendi 26, R.
Hjallabrekku 2, Kóp.
Rofabæ 9, R.
Ránargötu 15, R.
Urðarbraut 20, Kóp.
Hólmgarði 34, R.
Hlíðarvegi 53, Kóp.
Vallargerði 4, Kóp.
Hraunbæ 102, R.
Annarhrauni 21, Hafnarf.
Hjarðarhaga 47, R.
Sólheimum 23, R.
Álfaskeiði 115, Hafnarf.
Íðufelli 14, R.

Ingólfskjör
Ívar S. Guðm.
Kaupgarður h.f.
Kjartansbúð
Kjörbær
Kjöt og Fiskur
Kópavogur
Langholtsval
Matval
Sólver
Svalbarði
Sunnubúðin
Sólvabúð
Teigabúðin
Þingholt

Grettisgötu 86, R.
Njálsgötu 26, R.
Smíðjuvegi 9, Kóp.
Efstasundi 27, R.
Þórsögútu 17, R.
Seljabraut 54, R.
Borgarholtsbr. 6, R.
Langholtsvegi 174,
Þinghólsbraut 21, Kóp.
Fjölfnisvegi 2, R.
Framnesvegi 44, R.
Mávahlíð 26, R.
Hringbr. 99, Keflavík
Kirkjuteig 19, R.
Grundarstíg 2, R.

og viðgangur Eimskipafélagsins væri honum mjög hugleikinn þá var honum það síður en svo á móti skapi að aðrir veittu því eðlilegt aðhald með ábendingum og heilbrigðri samkeppni, — og frá upphafi var hann ótull hvaðamaður þess að Eimskipafélagið styddi uppbyggingu Flugfélags Íslands á allan hátt.

Við Birgir unnum saman að ýmsum málum hátt á þriðja tug ára, bæði utan og innan stjórnar Eimskipafélags Íslands, og er því margs að minnst frá þeim tíma ná í lokin, en í huga mínum ber þó hæst minninguna um hinn góða og ósérhlífna dreng, sem vildi öllum vel og ætíð var reiðubúinn að veita góðum málum liðsinni sitt. Hann var raunverulega dulur í lund, viðkvæmur og talaði lítt um sjálfan sig og sín vandamál. Ljúfmennskan var einstök.

Þótt það sé hverjum og einum sárt að missa góðan vin, þá er þó mestur harmur kveðinn að eigin konu hans og ástvinum, — þeim sem hann unni, og voru athvarf hans, stoð og stytta er að syrti. Votta ég þeim öllum fyllstu samúð mína.

Pétur Sigurðsson

Svo er lífið sem lifað.

Birgir Kjaran var góður maður og margofió listaverk. Hann var hugsjónamaður með barnshjarta, sem öllum og öllu vildi gott.

Hugur hans leitaði hátt. Örninn var fuglinn hans enda flýgur hann fugla hæst. Kyrrð öræfanna og tign fjallanna heilluðu hann. Þó var smæsta öræfablómið yndið og lítil steinn gat orðið perla í lófa hans. Tign og fegurð — það var hans.

Hann var um langa hríð framamaður í Þjóðfélagi okkar, án stærilætis. Hann var ritfær vel og mjög vel orði farinn án alls hroka. Aldrei — þrátt fyrir daglega umgengni okkar í fjölda ára — heyrði ég hann hallmæla nokkrum manni eða að hnjódsyrði hrykki af vörum hans um náungann. Hann var mannvinnur. Síðust æviárin fylgdi honum skugginn eilífi — við hvert fótmál, — það lamaði starfsþróttinn, og því dró hann sig að mestu út úr opinberu vafstri.

Í framtíðinni munu vinir hans orna sér við minninguna um hann.

Eyþór Kjaran sendi ég beztu kveðjur, og þótt bróðir þinn sé fallinn, þá munt þú sigla skipi þínu heilu í höfn, trúðu því.

Innilegustu samúðar kveðjur sendi ég frá Kjaran og fjölskyldu. Minningin ein um góðan dreng gefur lífinu gildi.

Fyrir móðuna miklu sendi ég Birgi Kjaran hinztu kveðju.

Sigurður Óskar Sigurðsson



Þegar sú harmafregn barst um borgina í síðustu viku, að Birgir Kjaran, fyrrverandi alþingismaður, væri látinn, setti margan hljóðan. Svo óvænt var fregnin um andlát hans og kom okkur vinum hans og félögum á óvart.

Ungur að árum var Birgir Kjaran þegar mjög sjálfstæður í skoðun og hugsun. Það kom strax í ljós, þegar hann valdi sér íþróttafélag. Æskuárin bjó hann við Hólatorg, en það var í raun viðurkennt umráðasvæði Knattspyrnufélagsins Víkings, enda allir strákar frá Suðurgötu og upp á Sólvelli í því félagi. Þrátt fyrir það ákvað hann að ganga í K.R. og var alla tíð í því félagi.

Á yngri árum iðkaði hann knattspyrnu og lék þá með nokkrum drengjaflokkum, en vegna þess að hann fór ungur utan til náms varð knattspyrnuferill hans styttri en hann óskaði. Alla tíð síðan var knattspyrnan hans upphaldsþrótt. Hann studdi ávallt félag sitt með ráðum og dáð og var reiðubúinn til að rétta því hjálparhönd, þegar til hans var leitað.

Birgir hafði mikinn áhuga á því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkanna í Reykjavík. Það var því mikill fengur, þegar hann gerðist formaður íþróttavallarstjórnar árið 1950. Þá var aðeins Melavöllurinn til afnota fyrir opinber mót, en jafnframt fóru þar fram svo til allar æfingar knattspyrnumanna og frjálsíþróttamanna.

Hann lét strax til sín taka að endurbæta völinn og koma upp nýjum æfingasvæðum fyrir knattleiki svo og kastsvæðum fyrir frjálsíþróttir.

Birgir sat 8 ár í vallarstjórn og er óhætt að segja að þegar hann lét af störfum var Melavöllurinn einn besti malarvöllur sem til var, þótt víða væri leitað.

Þá voru gerviefni ekki komin til sögunnar en malarbrautir notaðar. Hlauparar töldu brautina á Bislet í Ósló eina af bestu brautum í heimi. Þar voru mörg heimsmet sett. Brautin í Reykjavík hafði þá hlotið þá viðurkenningu að koma fast á eftir brautinni í Ósló.

Eitt af hugðarefnum Birgis á íþróttasviðinu var Ólympíuhugsjónin og þar með talin þátttaka Íslendinga í Ólympíuleikum. Lagði hann mikla áherslu á þátttöku Íslands í Ólympíuleikum. Lagði hann mikla áherslu á þátttöku Íslands í Ólympíuleikum hverju sinni. Hann átti sæti í Ólympíunefnd Íslands á árunum 1958 til 1973 lengst af sem formaður nefndarinnar.

Eitt af aðalverkefnum Ó.Í. er að afla fjár til ferðar íþróttafólks á Ólympíuleikana. Birgir var þar ávallt fremstur í flokki og safnaði oft verulegum fjármunum. Taldi hann að þátttaka okkar hefði mikið auglýsingagildi fyrir land og þjóð og því ættu fjárframlög að vera betur tryggð frá opinberum aðilum en nú er.

Fjölmennasti hópur þátttakenda frá Íslandi fór á leikana síðasta tímabilið sem hann var formaður árið 1972.

Þegar handknattleiksmenn unnu hinn kærkomna sigur í undankeppni Ólympíuleikanna á Spáni og tryggðu Íslandi rétt til þátttöku 16 þjóða á Ólympíu-

leikumum í München fagnaði Birgir því mjög þótt erfitt yrði um vik að afla fjár til ferðarinnar. Lagði hann sig þá fram um það verk sem endranær og tókst það með ágætum.

Birgir fór aðeins einu sinni á sumarleikana í formannstíð sinni, en tvisvar á vetrarleikana. Honum var það því mikið gleðiefni að einmitt á þá leika, sem hann sótti var íslenski hópurinn stærstur.

Hin myndarlega þátttaka í Münchenleikumum og vera Birgis þar, var honum jafnframt mjög hugstæð sökum þess, að í Þýskalandi hlaut hann framhaldsmenntun sína, kynntist vel mönnum og málefnum og eignaðist marga persónulega vini. Þetta kom vel í ljós meðan Ólympíuleikarnir í München stóðu yfir.

Birgir Kjaran ritstýrði þrem skýrslum Ólympíunefndar. Kom þar fram, sem annarsstaðar, að hann var ritfær með afbrigðum og honum var annat um íslenskt mál. Tók hann þar saman í stuttu máli sögu leikanna og þátttöku Íslands í þeim. Lagði hann mikla vinnu í það verk og eru þær nú verðmætær sögulegar heimildir um þátttöku Íslands í Ólympíuleikumum.

Það kom víða fram í starfi Birgis, að hann hafði til að bera skipulagsgáfur í ríku mæli. Þannig hafði hann sérstakt lag á því að fá aðra til að taka virkan þátt í starfinu á hverjum tíma. Á þann hátt vannst starfið léttara og skjótari árangur náðist.

Fyrir öll þau mikilvægu störf, sem Birgir Kjaran vann fyrir íþróttahreyfinguna, hafði hann hlotið æðstu heiðursmerki ÍSÍ og Ólympíunefndar Íslands.

Birgir var ávallt góður félagi og sannur vinur þeirra, sem með honum störfuðu í íþróttahreyfingunni, og fyrir það viljum við þakka, þegar hann nú hverfur héðan yfir móðuna miklu.

Konu hans og ástvinum öllum vottum við innilegustu samúð og óskum þeim alls hins besta á ókomnum ævidögum.

Ólympíunefnd Íslands.

— Líbanon

Framhald af bls. 5

hægri og vinstri manna er nú barizt í fjöllum austan við Beirút, og enda þótt ekki sé vitað hve harðir þeir bardagar eru, virðist nokkurn veginn ljóst, að báðir aðilar hafa eftir mjög heraflassinn á þessum slóðum. Hægri menn stefna að því að ná aftur á sitt vald herteknum svæðum kristinna manna þar, og þar með samgönguleið frá yfirráðasvæðum þeirra við ströndina til austurhluta landsins og Sýrlands.

Palestínarabar og vinstri sinnadóir Líbanir hafa lýst því yfir, að tilgangurinn með því að ná þessum svæðum á sínum tíma hafi verið sá að þar mynduðust svokölluð blönduð svæði, sem mundu verða til þess að hindra skiptingu landsins.

— Sismik

Framhald af bls. 17

áfram olfuleit á Eyjahafi, en leit þessi hefur sem kunnugt er hleypt sambúð Grikkja og Tyrkja í há og brand. Talið er víst að þetta áframhald olfuleitarinnar muni enn auka spennuna í sambúð ríkjanna sem keppa um auðlindir Eyjahafsins, en hins vegar virðist ástandið ekki eins alvarlegt og þegar Sismik var í sinni síðustu sjóferð. Eins og í þeirri ferð má búast við að grísk herskip esti Sismik á röndum nú, en talið er ólíklegt að þau muni gera atlögu gegn skipinu, þar eð deila ríkjanna er nú fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að ósk Grikkja, sem einnig hafa skotið henni til alþjóðadómstólsins í Haag.

Grikkir og Tyrkir voru í dag að athuga drög að ályktun öryggisráðsins þar sem þeir eru hvattir til að hefja samningaviðræður um deilumál sín. Fulltrúar Bandaríkjanna, Frakklands, Bretlands

og Ítalíu standa að ályktunardrögum þessum, og í þeim eru deiluaðilar jafnframt hvattir til að sína varkárni í hvívetna og stillingu á meðan reynt verði að finna friðsamlega lausn. Ef Grikkir og Tyrkir samþykkja báðir drög þessi er það nánast öruggt að öryggisráðið muni einróma samþykkja þau, að því er diplómatiskar heimildir innan Sameinuðu þjóðanna hermdu í dag.

— Hallað á

Framhald af bls. 14

ekki verða metin í krónum og aukum, — enda er það samdóma álit náttúrufræðinga, sem þetta hafa rannsakað og náttúruverndarmanna erlendra sem innlendra, að fyrir okkar baráttu og þeirra, sem með okkur stóðu, hafi innist mesti sigur fyrir náttúruvernd hér á landi.

Það væri sæmra fyrir Orkustofnarmenn og aðra, sem að undirbúningi virkjana standa, að þakka fyrir þann lærdóm sem þeir hafa fengið af þessum málum, en að væna okkur um ofstopa sem jafnað er við andann á Sturlungaöld.

Að endingu undrumst við og mótmælum harðlega þeim vinnubrögðum Páls Heiðars Jónssonar að stofna til umræðuþáttar í útvarpi um Laxárdeilu og afleiðingar hennar án þess að annar aðili þeirrar deilu þ.e. við landeigendur eignum kost á að túlka okkar sjónarmið í þeim þætti. Einhliða mállutningur andstæðinga okkar miðaði allur að því að blása út óheilvænlegar afleiðingar Laxárdeilu og Laxársamninga, og gera okkur bændur að eins konar saka-mönnum í því máli. Slíku aðferðum tókum við ekki þjagið og því er þessum athugasemdum hér með komið á framfæri.

Stjórn Landeigendafélags Laxár og Mývatns

Eysteinn Sigurðsson
Indriði Ketilsson
Þorgrímur Starri Björgvinsson
Jón Jónsson
Vigfús B. Jónsson.

— Minning Þóroddur

Framhald af bls. 27

og hvers kyns skinna vöru. Var Þóroddur m.a. brautryðjandi í útflutningi skreiðar, og fór hann í margar söluferðir til Afrikulanda. Avann hann sér hvarvetna traust og vináttu viðskiptavina sinna.

Árið 1939 kvæntist Þóroddur eftirlifandi konu sinni, Sigrúnu Júlíusdóttur, og eignuðust þau fjögur börn, en þau eru: Jón, skrifstofustjóri Garðabæjar, kvæntur Astu Ragnarsdóttur; Sverrir, forstjóri, kvæntur Ingibjörgu Gísladóttur; Ingunn, gift Ingimundi Gíslasyni, lækni; Þórðs, ógift foreldrahúsum. Auk þeirra átti Þóroddur son af fyrri hjónabandi, Skafta, sem kvæntur var Valdísi Garðarsdóttur, en hann fór af slysförum á bezta aldri.

Ég undirritaður var heimgangur á heimili Þórodds og Sigrúnar allt frá barnaldri og kynntist því vel af eigin raun að hann var mjög barngóður.

Þau Sigrún og Þóroddur áttu mjög fallegt heimili og voru samhent í því að ekkert skyldi til sparað til að halda því við og endurbæta. Hag barna sinna og barnabarna þar Þóroddur einnig mjög fyrir brjósti og var heldur ekkert til sparað við að búa sem best í haginn fyrir þau.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að þakka þær mörgu ánægjustundir sem ég hef átt að Hávallagötu 1 og sendi Sigrúnu, börnum og aðstandendum öllum samúðarkveðju mínar.

Jónas Gústavsson.

— Kórea

Framhald af bls. 17

Panmunjom, sem er á hlutlausu beltinu milli kóreönsku ríkjanna tveggja. Fundur nefndarinnar endaði hins vegar eftir 90 mínútna þóf með því að fulltrúar stóðu upp ósáttir. Fundurinn var haldinn að frumkvæði gæzluhöfðs S.P. eftir atburðinn í gær.

Fréttaskýrendur í Seoul segja að spennan í Panmunjom sé sennilega sú mesta sem verið hefur þar síðan Norður-Kóreumenn lögðu hald á bandaríska njósna-skipið Pueblo og hið misheppnaða morðtilræði við Park Chung-hee, forseta Suður-Kóreu, var gert, en báðir þessir atburðir áttu sér stað árið 1968.

Vegatalmanir voru settar upp í dag sunnan megin landamæruna, og hermenn með vopnabúnað komu sér fyrir við þjóðveginn frá Seoul til Panjunmon.

— Viðurinn

Framhald af bls. 3

EN Bergljót keypti það af fósturdóttur hans fyrir ári. Í húsinu hafa lengst af verið þrjár íbúðir og kvaðst Bergljót vita, að fjöldi leigjenda hefði búið þar á líðnum árum.

Bergljót kvaðst hafa orðið ápreifanlega vör við að fólk er farið að gefa gömlum húsum meiri gam en áður og svo virtist sem fólk sáttist í sívaxandi mæli eftir að kaupa og gera upp gömul íbúðarhús. Á þeim stutta tíma sem hún hefur búið þar hefur fjöldi fólks bankað upp á og spurzt fyrir eða sýnt húsinu áhuga á ýmsan hátt.

— Úganda

Framhald af bls. 5

ar eru eftir sjónarvottum, sem tekizt hafði að flýja land. Eru frásagnir þessar óhugnanlegar.

Einn sjónarvottur segir frá því að hann hafi séð nokkra tugi stúdentna sem voru særðir flutta á vörubílum í burtu og var sagt að það ætti að fara með þá í sjúkrahús. Er spurzt var fyrir um stúdentana í öllum sjúkrahúsum í

Kampala kannaðist ekkert þeirra við að hafa tekið við stúdentunum. Hermaður í Ugandaher sagði í samtali við fréttamann Observer að framið hefði verið fjöldamorð á stúdentunum og líkum þeirra hent ofan í fjöldagróf, og að jarðýta hefði síðan rutt yfir þá. Hvatti hermaðurinn fréttamanninn til að hafa samband við aðra hermenn, sem gætu staðfest frásögnina, en benti honum að öðrum kosti á að bíða eftir stjórnarskiptum þannig að hægt yrði að grafa líkin upp.

Daginn eftir seinni árásina á háskólasvæðið kom Mustafa Adrichi varnarmálaráðgjafi landsins í háskólann og ávarpaði þá stúdentana, sem eftir voru. Sagði hann að Amin hefði gefið fyrirskipun um að allt andóf yfir háskólann skyldi brotið á bak aftur og að það sem stúdentarnir hefðu séð hefði aðeins verið upphafið ef þeir ekki létu af öllu andófi. Hann sagði að lokum að ef stúdentar hefðu ekki séð fólk grafið með jarðóttum myndu þeir bráðlega fá að sjá það, ef þeir ekki höguðu sér almennilega.

— Fyrsta íbúðin

Framhald af bls. 3

máli og fjögur hverbergi. Íbúðirnar eru aðhentar fullfrágengnar og lóð verður einnig frágengin en því verki er enn ólokið.

Hjónin voru sammála um að þau hlytu að kunna vel við sig í hinu nýja hverfi þó að samgöngur væru óneitanlega ekki nógu góðar, en þau hafa ekki bifreið til umráða.

— Skák

Framhald af bls. 7

axb4, 26. Hxa8 — Hxa8, 27. Rh3 — c3, 28. bxc3 — Ha2, 29. Dc1 — b3, 30. c4 — He2, 31. Da1 — Bxc4, 32. Da8+ — Df8, 33. Da4 — Dc8, 34. Hb1 — Kh8, 35. Rf4 — Bg8, 36. Hf1 — Dc3, 37. hvítur gefst upp.

Hollenzka stórmeistararnum Sosonko vegnaði ekkert sérlega vel í Biel. Hér sjáum við hann þó vinna góðan sigur. Í byrjuninni yfirspilar hann Smejkjal gjörsamlega og heldur síðan á spilunum af miklu öryggi unz yfir lýkur.

Hvitt: Sosonko

Svart: Smejkjal

Benóní

1. d4 — Rf6, 2. c4 — e6, 3. g3 — c5, 4. d5 — exd5, 5. cxd5 — d6, 6. Rc3 — g6, 7. Bg2 — Bg7, 8. Rf3 — 0-0, 9. 0-0 — He8, 10. Bf4 — a6, 11. a4 — Bg4, 12. Dd2 — Bxf3, 13. Bxf3 — Dc7, 14. Hf1 — Rdb7, 15. b4 — Re5, 16. Bxe5 — Hxe5, 17. bxc5 — Dxc5, 18. Hb1 — Dc7, 19. Db2 — Hb8, 20. Re4 — Dd7, 21. Re5 — Dh3, 22. Rxa6 — Hf8, 23. Dxb7 — Rg4, 24. Bxg4 — Dxc4, 25. e3 — Dh3, 26. Hc2 — Hh5, 27. f4 — Df5, 28. Db3 — De4, 29. Hd1 — Ha8, 30. Rb4 — Hb8, 31. Hc4 — Df3, 32. Dd3 — Bc3?, 33. Hf1 og svartur gafst upp.

Bent Larsen verður seint sakadður um að fylgja helzt þeirri forskrift sem „Byrjanafræðingarnir“ telja bezta. Í eftirfarandi skák velur hann afbrigði, sem á að vera svörtum óhagstætt. Larsen fær þengri stóðu út úr byrjuninni, en hann nær tókum á skáklínunni a8 — h1 og það notfærir hann sér á snillardarlegan hátt.

Hvftt: Liberzon

Svart: Larsen

Sikileyjarvörn

1. e4 — c5, 2. Rf3 — e6, 3. d4 — cxd4, 4. Rxd4 — Rc5, 5. Rc3 — Dc7, 6. Be2 — a6, 7. 0-0 — Rf6, 8. Kh1 — Bb4, 9. Rxc6 — bxc6, 10. f4 — d5, 11. e5 — Rd7, 12. Ra4 — Rb6, 13. c4 — Be7, 14. Be3 — Rxa4, 15. Dxa4 — Bd7, 16. Dc2 — Db7, 17. Bd3 — g6, 18. Hb1 — a5, 19. Df2 — 0-0, 20. Hf1 — Hf8, 21. b3 — Db4, 22. Hc2 — a4, 23. Bd2 — Db7, 24. b4 — c5, 25. b5 — Hab8, 26. De2 — dxc4, 27. Bxc4 — Bc6, 28. b6 — Hd8, 29. Hc3 — Be4, 30. Hb2 — Dc6, 31. Bb5 — Da8, 32. Bd3 — a3, 33. Hb1 — Hxd3, 34. Hxd3 — c4, 35. Hd7 — Bxb1, 36. Hxe7 — Hxb6, 37. Dxc4 — Bxa2 og hvítur gafst upp.